

**121. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
19. febrúar 2020 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Hrefna Rún Ákadóttir félagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Sveinborg Kristjánsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Laufey Jónsdóttir verkefnastjóri sat fundinn undir lið 1 og 2.
Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri sat fundinn undir lið 2.

Fyrir tekið:

1. 1904148 - Ferðapjónusta fatlaðra og aldraðra. Lagt fram til kynningar.

Til fundarins mætir Kjartan Kjartansson framkvæmdastjóri Höfða.

Velferðar- og mannréttindaráð þakkar Kjartani Kjartanssyni framkvæmdastjóra Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Höfða fyrir greinargóða kynningu.

2. 1706056 - Húsnæðisáætlun 2017-2021

Lokadrög að húsnæðisáætlun lögð fram til samþykktar.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir fyrirliggjandi drög að húsnæðisáætlun Akraneskaupstaðar og vísar henni til staðfestingar í bæjarstjórn.

3. 1901235 - Gistináttgjald í neyðarathvörfum Reykjavíkurborgar

Drög að samningi um greiðslu gistináttgjalds í neyðarathvörfum Reykjavíkurborgar fyrir utangarðsfólk. Málið var síðast tekið fyrir í Velferðar- og mannréttindaráði 07.02.19 og var þá eftirfarandi bókað: "Velferðar- og mannréttindaráð frestar afgreiðslu málsins þar til húsnæðisstefna Akraneskaupstaðar liggur fyrir". Reykjavíkurborg hefur nú ítrekað beiðni um að Akraneskaupstaður gangi frá ofangreindum samningi.

Velferðar- og mannréttindaráð felur félagsmálastjóra og sviðsstjóra að afla frekari gagna um málið. Afgreiðslu málsins frestað.

4. 1903222 - Samningur um félagsþjónustu og barnavernd milli Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar

Endurskoðun á samningi á milli Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar varðandi félagsþjónustu, barnavernd og málefni fatlaðra. Kynntar verða breytingatillögur starfsmanna Velferðar- og mannréttindasvið Akraneskaupstaðar.

Drög að áframhaldandi samningi á milli Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar varðandi félagsþjónustu, barnavernd og málefni fatlaðra kynnt.

KHS

5. 2002203 - Breytingar á búsetuúrræðum fyrir fatlaða

Kynntar verða hugmyndir að mögulegum leiðum við stjórnun og starfsmannahald í nýjum búsetuúrræðum fatlaðra.

Velferðar- og mannréttindaráð þakkar fyrir kynninguna.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.

Kristján H. Sveinsson

Eindri Brandsson

*Anna Þórz Þorgrímsdóttir
Hreyna Rinn Akadattil.
Sveinborg Krúðarsdóttir*